

## Fylgiskjal 5

# Global Fish Farm hf. (áður Breiðfiskur)

### Starfsemi

Global Fish Farm hf. er fyrirtæki í fiskeldi og eru helstu þættir starfseminnar sala á seiðum og sláturfiski, rannsóknir og ráðgjöf. Fjöldi starfsmanna í árslok 2017 hjá móðurfélaginu var 75.

### Tölvukerfi

Aðalkerfið sem heldur utan um fóðurnotkun og talningar á fiskum er erlent kerfi, Fish Farm Control (FFC). DK fjárhagskerfi er bókhaldskerfi félagsins auk þess sem Excel kerfið er notað við reikningagerð og skýrslugerð. Framkvæmdastjóri hefur ekki aðgang að DK kerfinu. Tveir starfsmenn (bókarar) sjá um að bóka kostnaðarreikninga en fjármálastjóri greiðir reikninga. Annar bókarinn sér jafnframt um að bóka greiðslur. Bókararnir tveir hafa millufærsluheimildir í banka ásamt fjármálastjóra. Fjármálastjóri yfirfer reglulega allar færslur á bankareikningum félagsins.

### Um birgðir og birgðamat - úr reikningskilaaðferðum ársreiknings

Lífmassi er lífræn eign sem færð er til eignar meðal fastafjármuna á áætluðu gangvirði í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal um landbúnað (IAS 41). Um er að ræða sérvalinn kynbótafisk til eldis og slátrunar eftir um það bil fjögur ár. Áætlað gangvirði er byggt á markaðsverði, áætluðum gæðum að teknu tilliti til affalla og varúðarsjónarmiða. Auk þess er stuðst við reynslutölur um magn og áætlaðan kostnað við framleiðsluna fram að afhendingu. Ef ekki reynist unnt að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti er lífmassinn færður til eignar á áætluðu framleiðslukostnaðarverði.

Fiskur sem tilbúinn er til slátrunar innan eins árs og þegar slátraður fiskur í birgðum, sem áætlað er að selja, er færður meðal veltufjármuna á gangvirði sem fyrst og fremst er byggt á þekktu markaðsverði. Aðrar birgðir svo sem hráefnisbirgðir eru færðar á kostnaðarverði sem inniheldur allan beinan og óbeinan kostnað án fjármagnskostnaðar.

### Nánar um birgðamat (upplýsingar frá stjórnendum)

Lífmassabirgðir eru metnar á gangvirði. Lífmassanum (seiðum og fiskum) er skipt í flokka eftir stærð og aldri. Við mat á birgðunum er stuðst við síðasta þekktu söluverð á einstökum flokkum lífmassans. Nálgast má söluverð frá erlendum gagnabönkum eða stuðst við nýleg gögn úr kerfum Global Fish Farm (þekkt nýleg söluverð).

Haldið er utan um magntölur í sérstöku birgðakerfi, Fish Farm Control (FFC) og liggur ávallt fyrir fjöldi fiska í hverju kerfi. Global Fish Farm kaupir hrogn og seiði og liggur þá fyrir fjöldi keypra eininga og eru þær skrásettar í FFC kerfið. Haldið er utan um fjölda fiska í hverju kerfi. Á hverjum degi eru kerin hreinsuð og teknir dauðir fiskar úr kerjunum. Þeir eru taldir og dregnir frá magni í hverju kerfi. Hvert ker inniheldur fiska í sömu stærð og er reglulega teknir fiskar úr kerjunum og þeir vigtaðir og mældir. Ef fiskar eru færðir á milli kerja fara þeir í gegnum talningarvél. Að sögn framkvæmdastjóra hafa verið lítil frávik frá magntölum í FFC kerfinu og á rauntölum þegar ker eru tæmd.

Um áramót eru teknar magnskýrslur úr birgðakerfinu, FFC, og verðmæti lífmassans reiknað upp m.v. áætlað gangvirði, þ.e. söluverð úr erlendum gagnabönkum, söluverð Global Fish Farm eða áætlað markaðsverð næsta árs. Framkvæmdastjóri yfirfer birgðaskýrslur og tekur tillit til annarra þátta, t.d. varúðarniðurfærslu vegna gæða, rangra talninga, hugsanlegrar rýrnunar, dauða og verðfalls á mörkuðum. Þessi niðurfærsla er yfirleitt á bilinu 36% til 40% af heildarverðmæti lífmassans og birgða meðal veltufjármuna.

## Sölumál og tekjuskráning

Framkvæmdastjórinn er í sambandi við flesta erlenda viðskiptavina en 95% af sölunni er til erlendra viðskiptavina. Framkvæmdastjórinn fyllir út pöntunareyðublað eða áframsendir tölvupóst til fjármálastjórans sem sér um reikningagerð. Hver viðskiptavinur á sérstaka möppu þar sem haldið er utan um öll samskipti við viðskiptavininn og einstakar pantanir, m.a. farmbréf og flutningspappíra, vottorð vegna útflutnings, afrit af reikningum, upplýsingar um fyrirframgreiðslur og fleira.

Viðskiptavinurinn fær reikning með hverri sendingu og er reikningurinn gerður er í Excel. Fjármálastjórinn útbýr síðan samskonar sölureikning í DK fjárhagskerfi og skrár söluna í fjárhagskerfið. Fjármálastjórinn telur litlar líkur á því að vörur séu afhentar án þess að reikningur sé gerður þar sem ferlið er með þessum hætti, þ.e. að hann yfirfari alla reikninga sem viðskiptavinur hefur fengið (Excel reikninga) og beri saman við flutningspappíra. Ef þetta stemmir, þá gefur hann út sölureikning í DK kerfinu. Fjármálastjórinn segir að þeir hafi komið sér upp góðu reikningakerfi í Excel til að senda með vörunni til viðskiptavinarins þar sem DK kerfið hafi verið óþjálmt og erfitt að setja inn allar upplýsingar sem þurfa að koma fram á útflutningsreikningum. Hann telur að þetta tvöfalda kerfi styrki ferlið, og þannig sé yfirferðin góð á öllum skjölum í tengslum við tekjuskráninguna og styrki innra eftirlit með tekjuskráningu.

## Kostnaðarreikningar

Framkvæmdastjórinn samþykkir alla reikninga með yfirferð sinni og undirritun nema bankakostnað og vaxtakostnað. Þegar framkvæmdastjóri fær kostnaðarreikning til samþykktar er bókarinn búinn að prenta út sérstakt skjal sem fylgir með reikningnum og þar kemur fram á hvaða bókhaldslykil reikningurinn er bókaður. 10. hvers mánaðar er gengið frá uppgjöri síðastliðins mánaðar.

Verkstjórar gera vörupantanir að jafnaði einu sinni í mánuði. Fjármálastjóri yfirfer pantanirnar. Einnig eru notaðar beiðnabækur vegna einstakra innkaupa þar sem yfirmenn gefa starfsmönnum leyfi til innkaupa. Þá eru flestir stjórnendur með bensínkort hjá Olís og yfirfer fjármálastjóri úttektir þeirra mánaðarlega.

Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri yfirfara uppgjörin á uppgjörsfundum. Að jafnaði eru stjórnarfundir annan hvern mánuð og þá eru uppgjörin lögð fyrir stjórn.

## Launavinnsla

Fjármálastjóri reiknar laun mánaðarlega. Flestir starfsmenn eru á föstum launum. Greitt er fyrir bakvaktir. Verkstjórar senda tímaskýrslur úr Tímon stimpilklukkukerfinu til fjármálastjóra. Framkvæmdastjóri sér um flestar ráðningar og ákveður kaup og kjör eða felur verkstjórum einstakar ráðningar. Verkstjórar gefa fjármálastjóra upplýsingar um starfslok.

## Dótturfélög og hlutdeildarfélög

Global Fish Farm seldi á árinu 2016 eignarhlut sinn í hlutdeildarfélagi og dótturfélagi. Global Fish Farm hefur átt eignarhlut í félagi í Chile (**Global Fish Farm Chile**) í nokkur ár, sjá nánar lýsingu á starfsemi þess félags hér fyrir neðan. Á árinu 2018 keypti Global Fish Farm 100% eignarhlut í tveimur fiskeldisstöðvum, í **Færeyjum** og í **Noregi**. Þessi fyrirtæki eru hvort um sig með svipaða veltu, efnahagsreikning og eigið fé og Global Fish Farm (móðurfélagið) á árinu 2017.

**Global Fish Farm Chile** . Félagið er í 100% eigu Global Fish Farm. Óverulegur rekstur í félaginu en félagið er milligönguaðili um sölu á vörum Global Fish Farm til Chile. Einn aðili hefur starfað í verktöku fyrir Global Fish Farm Chile og hefur móðurfélagið, Global Fish Farm Breiðdalsvík, fengið senda kostnaðarreikninga vegna þjónustu verktakans og kostnaðarreikninga frá Chile sem móðurfélagið hefur greitt. Um er að ræða einhvers konar kostnaðarstöð þar sem öll tekjuskráning vegna sölu til Chile fer fram í íslenska móðurfélaginu. Það er því ekki til formleg uppgjör fyrir dótturfélagið í Chile og hefur ekki komið krafa um slíkt frá yfirvöldum í Chile.